

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 6 við Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968.

Frá og með 1. maí 1969 ganga í gildi viðauki og breytingar nr. 6 við Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. apríl 1969.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

14. apríl 1969.

Nr. 127.

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 13. gr. laga nr. 3 26. febr. 1969, um tollskrá o. fl.
um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 3 26. febr. 1969, um tollskrá o. fl., til þess að setja svofelldar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs.

1. Fob-verð notaðrar bifreiðar skal fundið á þann hátt, að til grundvallar sé lagt fob-verð nýrrar bifreiðar af sömu eða svipaðri tegund, en nýjustu árgerð, eins og það er á komudegi þess farartækis, sem flytur notuðu bifreiðina til landsins, að frádregnum þeim hundraðshluta, fyrir hvert ár af aldri bifreiðarinnar, sem hér segir:

0 — 1 ár	0%
1 — 2 ár	25%
2 — 3 ár	35%
3 ár og eldri	45%

2. Nú hefur maður, er flytur búferlum til landsins, bifreið með sér frá útlöndum og bifreiðin er eldri en 4 ára og hefur verið í eigu þess manns í a. m. k. full 2 ár, og má þá halda áfram að fyrna bifreiðina umfram það, sem getur í 1. lið um allt að 10% á ári frá 4 ára aldri, þó skal aldrei farið niður fyrir 10% af verði því, sem til grundvallar er lagt í tl. 1.
3. Aldur bifreiðar reiknast frá þeim degi, sem hún var tekin í notkun. Liggi ekki fyrir óyggjandi upplýsingar um það, hvenær bifreiðin var tekin í notkun, skal miða fyrningu við 1. júlí það ár, sem gerð bifreiðarinnar er kennd við, eða framleiðsluárið, ef árgerð helzt óbreytt tvö ár eða fleiri.

Verð bifreiðar miðast við aldur hennar á komudegi þess farartækis, sem bifreiðina flytur til landsins.

Bifreið erlends sendiráðs eða sendiráðsstarfsmanns, sem seld er hérlendis, en hefur verið flutt inn samkv. 8. tölulið 2. gr. tollskrárlaga, fyrnist samkv. 1. lið, en skoðast flutt til landsins á söludegi.

4. Við ákvörðun fob-verðs notaðra bifreiða samkv. 1. lið skal hvorki taka tillit til útlits né ástands þeirra.